



Áveitan

10. tbl. 10. árgangur. Október 2016

Þorrlót í Þingborg – Íbúafundur

Ungmennafélagið Þjótandi mun miðvikudagskvöldið 19. október n.k. halda íbúafund um framtíð þorrlóts í Þingborg. Fundurinn verður í Þingborg og hefst kl. 20:30.

Þar verður velt upp þeim spurningum hvernig best sé að standa að því að halda þorrlót í Þingborg. Er forsvaranlegt fyrir Umf. Þjótanda að halda áfram að skipuleggja þorrlót fyrir aðeins hluta sveitarfélagsins, eða eiga aðrir að taka við keflinu? Er rétt að láta fólkið sem hefur sótt þorrlótið taka meiri þátt við skipulagninguna, líkt og tíðkast víðast hvar annarsstaðar? Eða hverjar eru bestu lausnirnar til að geta haldið áfram þorrlóti í Þingborg? Eða er kannski rétt að leggja þorrlót í Þingborg af, nei varla?

Þessum spurningum og fleirum verður velt upp og viljum við hvetja sem flesta til að mæta og ræða þetta mál. Allir vilja halda í þorrlótið svo fólk hlýtur að hafa skoðun á þessu máli og við viljum endilega heyra þá skoðun.

Allir áhugamenn um þorrlót í Þingborg, hvar sem þeir búa, eru velkomnir að koma til skrafs og ráðagerða um framtíð þessarar skemmtilegu samkomu.

Kaffi og aðrar veitingar í boði Umf. Þjótanda.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson
icegordon@gmail.com
S. 820-3565

lðunn Ýr Ásgeirsdóttir
idunnyr84@gmail.com
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is
S. 892-4155

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Nú er framundan vinna við að ljúka fjárhagsáætlanagerð fyrir næstu 4 ár. Kemur þá að því vandasama hlutverki sveitarstjórnar að útteila skattfé íbúanna í sveitarfélaginu. Rík krafa er gerð til sveitarfélaga að þau standist 1. tl. 64. greinar sveitarstjórnarlaga nr 138/2011 sem fjallar um jafnvægisregluna og gerir kröfu um jákvæða rekstrarniðurstöðu. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur m.a. það hlutverk að fylgja því eftir og hefur sent Flóahreppi ábendingar þar um. Segja má að kjarasamningsbundnar launahækkningar undanfarinna missera gefi lítið svigrúm fyrir aukna þjónustu og einhversstaðar þurfi að draga úr. Á nýafstaðinni fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna kom skýrt fram að þetta er staðan hjá mörgum þeirra. Viðhald og fjárfesting verður að vera í lágmarki og huga verður að hagræðingu í öllum rekstri.

Flóahreppur rekur öflugan grunn- og leikskóla og er þjónusta leikskólans með því mesta sem gerist á öllu landinu, opnunartími verið lengdur og gert er ráð fyrir því að börn fái pláss strax 9 mánaða gömul. Boðið er upp á skólavistun alla daga vikunnar í Flóahreppi. Af þessu geta íbúar verið stoltir.

Í samanburðarriti sem byggir á lykiltölum úr rekstri sveitarfélaga árið 2015 kemur fram að mönnun í leikskólanum er með því mesta sem gerist og eru aðeins reiknuð 2,8 heilsdagsbarngildi pr. starfsmann ef allir starfsmenn eru reiknaðir inn í líkanið. Aðeins 3 sveitarfélög á landinu eru með svo mikla mönnun. Þegar horft er á hlutfall rekstrarútgjalda leikskóla af öllu landinu sem hlutfall af skatttekjum þá er Flóahreppur í efsta sæti af 74 sveitarfélögum í landinu þar sem 20 % af skatttekjum íbúanna fara til reksturs leikskólans. Til samanburðar er vegið landsmeðaltal 15 % og lægsta gildið er 4 %.

Grunnskólinn er hagstæðari rekstrareining í samanburði við landsmeðaltalið en þar er fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara 7,3 meðan landsmeðaltalið er 11,9 nemendur á hvert stöðugildi. Af 73 sveitarfélögum eru 14 sveitarfélög með meiri mönnun í grunnskólanum en Flóahreppur. Hlutfall rekstrarútgjalda grunnskólans af skatttekjum er 48 % í Flóahreppi meðan vegið landsmeðaltal er 33 % og hæsta gildið 63 %. Hafa þarf í huga að það er margt sem getur haft áhrif á þessar prósentutölur. Má þar nefna aldurssamsetningu íbúa, hve háar skatttekjur eru á íbúa, stærðarhagkvæmni í rekstri og samsetningu starfsmannahóps og menntunarstig.

Augljóst er að lögbundin verkefni sveitarfélaga þurfa að ganga fyrir þegar verkefnum er forgangsraðað og þegar 65 – 75 % allra innkominna tekna fara til þess að fjármagna fræðslumál þá þrengir að öðrum málaflokkum. Má þar nefna félagsþjónustu, og málefni fatlaðra, skipulagsmál, þjónustu við aldraða, rekstur skrifstofu, þriggja félagsheimila, leiguíbúða og vatnsveitu.

Eftir yfirferð á skoðanakönnun vegna tómsundaaksturs meðal foreldra barna í Flóaskóla, sem sýndi fram á áhuga á akstri allt að 4 daga vikunnar, ákvað sveitarstjórn Flóahrepps að bjóða upp á þennan akstur og niðurgreiða kostnað vegna hans um allt að 55 %. Auglýst var eftir bindandi skráningu í tómsundaaksturinn en þá náðist ekki lágmarkspáttaka til þess að hægt væri að bjóða upp á tómsundaakstur á Selfoss að þessu sinni.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Ágætu konur í Kvenfélagi Hraungerðishrepps!

Nú er komið að okkar árlegu berjaferð sem verður helgina 7.-9. október í Bláskógabyggð. Matur og kaffi verður sameiginlegt, en hver kemur með drykki fyrir sig og sérþarfir ef einhverjar eru. Munið eftir sundfötum.

Vinsamlegast skráið ykkur **fyrir 5. október** til skemmtinefndar:

Magga Einars. sími 482-1180 og 697-7212

Bryndís Rósants. sími 865-6785

Berglind L-Ármóti sími 866-5730

Þakkir til sveitunga

Við feðgarnir þökkum ykkur innilega fyrir hlýjar kveðjur og góðar gjafir sem bárust okkur í tilefni fermingar sonarins um hvítasunnuna og fimmtugsafmælis föðurins í september s.l..

Kærar kveðjur
Eiríkur og Árni á Skúfslæk 2

Frá Villingaholts- og Hraungerðiskirkjum:

Skipulag á messum fram í miðjan desember.

- **16. október: Guðspjónusta í Villingaholtskirkju kl. 13:30.**
Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, kórinn leiðir söng, organisti Ingi Heiðmar Jónsson.
- **20. nóvember: Guðspjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 13:30.**
Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir, kórinn leiðir söng, organisti Ingi Heiðmar Jónsson.
- **4. desember: Aðventustund í Villingaholtskirkju kl. 13:30.**
Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, kórinn leiðir söng, organisti Ingi Heiðmar Jónsson.
- **11. desember: Aðventustund í Hraungerðiskirkju kl. 13:30.**
Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir, kórinn leiðir söng, organisti Ingi Heiðmar Jónsson.

Eins og áður hefur komið fram þá eru messur í Selfosskirkju alla sunnudaga kl. 11.00 og sunnudagaskóli á sama tíma. Einnig er mjög öflugt safnaðarstarf í kirkjunni, sem er líka okkar kirkja.

Hvetjum sérstaklega fermingarbörn og forsjármenn þeirra að koma til kirkju í vetur.

Við hlökkum til að sjá ykkur í kirkjunni okkar.

Prestarnir og sóknarnefndirnar

UPPSKRIFTARHORNID

Mig langar að byrja á því að þakka Kolbrúnu fyrir áskorunina. Þegar við systkinin vorum lítil og pabbi átti að elda fyrir okkur, þá var það yfirleitt einhver frosinn, tilbúinn réttur sem þurfti bara að hita upp. Einn rétturinn var virkilega góður en það er hætt að framleiða hann. Mér tókst að raða honum saman og ég varð sko ekki fyrir vonbrigðum.

pastaslaufur
skinkuendar frá Krás
2 rauðar paprikur
ferskt spínat
nokkrar ostsneiðar

Setjið pastaslaufur í pott og sjóðið. Á meðan það sýður skerið skinkuendana í bita og steikið á pönnu. Skerið paprikuna í bita og bætið á pönnuna og þar á eftir spínatinu. Lækkið undir pönnunni og alveg í lokin eru settar nokkrar ostneiðar á pönnuna og brætt með þessu öllu. Þegar osturinn er bráðin og pastað tilbúið hræri ég öllu saman í skál og ber fram með fersku grænmeti.

Verði ykkur að góðu.

Ég ætla að skora á hana Söndru Dís í Jaðarkoti næst. Hef nokkrum sinnum farið til hennar í mat og veit því að hún kemur með einhverja góða uppskrift.

Kær kveðja,
Stefanía, Klængssel 2

Þessi furðufugl verður 50 ára þann 16. október næstkomandi, en heldur upp á það í Vatnsholti 15. október kl 20.00.

Honum finnst gott að eiga góða vini og langar að bjóða þeim sem vilja heiðra hann með nærveru sinni. Áhugasamir vinsamlegast tilkynnið komu ykkar á info@hotelvatnsholt.is eða í síma 899-7748 hjá Margréti fyrir 10. október



Íbúar í Flóahreppi og nærsveitungar takið eftir!

Hautballið í Félagslundi verður haldið laugardagskvöldið 8. október og er þetta í tólfta sinn sem ballið er haldið að frumkvæði brottfluttra Bæhreppinga. Jón Bjarnason mun stjórna tónlistinni af sinni alkunnu snilld og það má reikna með því að dansgólfið verði þétt skipað allt ballið. Miðaverð er 2500 kr og húsið opnar kl 10:00. Betra er að hafa með sér reiðufé svo allt gangi sem best fyrir sig.

Ballið er að sjálfsögðu öllum opið og eru allir sem hafa gaman af dansi og góðri skemmtun boðnir velkomnir. Upplagt er fyrir búandi og brottflutta úr öllum Flóahreppi að fjölmenna á ballið, sýna sig og sjá aðra. Allur ágóði ballsins er til styrktar Ungmennafélaginu Þjótanda.

Nefndin

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Haustfundur kvenfélagsins verður haldinn í Þjórsárveri, sunnudagskvöldið 23. október kl. 20.30.

Dagskrá:

1. Setning fundar
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Sagt frá ferð eldri borgara
4. Gjaldskrá
5. Starfið framundan
6. Önnur mál.

Kaffikonur: Aðalheiður Sveinbjörnsd, Bryndís Ólafsd, Petra Mazetti, Valgerður Gestsd. og Helena Hólm.

Vonast eftir góðri mætingu á fundinn og hlakka til að sjá ykkur endurnærðar eftir sumarfríið.

Þrjónakvöld, handavinnukvöld

Við munum verða í Þjórsárveri öll **mánudagskvöld** kl. 20.00 til 22.00 og gera handavinnu og spjalla. Allar konur velkomnar.

Nauðsynlegt er samt að láta formann vita ef þið ætlið að mæta, á facebook síðu okkar, email, (kvfvillingaholtshrepps@gmail.com) eða sms í síma 869 6534.

Hlakka til að sjá ykkur
Forstöðukonan...



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Basar í Þingborg 5. nóvember


Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að basar, sem haldinn verður í Þingborg, laugardaginn 5. nóvember 2016 kl. 13.00-17.00.

Öll innkoma rennur til kaupa á sérhæfðu sjúkrarúmi fyrir Skammtímvistun í Álfaríma 2, en rúmið kostar um eina milljón króna. Hlutverk skammtímvistunarinnar er að létta álagi af fjölskyldum, vera afþreying og tilbreyting fatlaðra barna, ungmenna og fullorðinna sem búa í heimahúsum. Lögð er áhersla á eflingu athafna daglegs lífs og félagsfærni.

Fjölbreytt vandað handverk verður til sölu, ásamt kókubasar og seldar verða vöflur og kaffi. Tekið verður við greiðslukortum.

Ef þig langar að styrkja þetta góða málefni með okkur, þá er allt handverk vel þegið. Tekið verður við munum á basarinn í Þingborg, 1. nóv kl.19.00-22.00 og 2. nóv kl. 14.30 til 17.00, einnig má skila þeim til Guðrúnar á skrifstofu Flóahrepps fyrir hádegi þessa daga.

Kvenfélög Gaulverjabæjarhrepps,
Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps.



Kótelettukvöld

Minum á kótelettukvöldið í Þingborg laugardaginn 22. október nk.

Eins og áður hefur fram komið heldur ritnefnd Flóamannabókar menningarsamkomu á Þingborg til styrktar útgáfu væntanlegrar héraðsbókar. Ásamt því að bjóða upp á kótelettur og eftirréttt verður boðið upp á söng og ýmis önnur skemmtiatriði. Nánari útfærsla dagskrár mun birtast í Dagskránni í október.

Verð aðgangsmiða er kr. 5.000. Gestir geta einnig keypt létt vín, bjór og gos.

Hægt er að greiða með greiðslukortum (posa) ef vill.
Skemmtunin hefst kl. 20:30 en húsið opnar kl. 20:00

Tekið er við pöntunum á netfangið: sigmundurstef@gmail.com
eða í síma (þeir sem ekki eru með tölvupóst)
hs. 567-6476 og GSM 898-6476 - Sigmundur
og grashagi13@simnet.is
eða í síma; hs. 482-1913 og GSM 898-1913 - Þórdís

Símaskrá Flóahrepps

Nú er verið að leggja lokahönd á nýja símaskrá Flóahrepps. Notast er við upplýsingar af vefsíðunni www.ja.is. Nú eru síðustu forvöð ef fólk vill koma nýjum upplýsingum í skrána. Hugmyndin er svo að setja símaskrána á netið áður en hún verður prentuð svo fólk geti komið með leiðréttingar og athugasemdir. Í framhaldinu verður hún svo prentuð og dreift á öll heimili. Stefnt er að því að selja auglýsingar í skrána til að borga prentkostnaðinn. Þeir sem vilja koma upplýsingum eða auglýsingum í skrána skulu hafa samband við einhvern í ritstjórninni sem allra fyrst.

Bestu kveðjur frá ritstjórn Umf. Þjótanda

Pistillinn

Ég vil þakka mínum besta nágranna og vini Atla að treysta mér fyrir því að skrifa pistilinn í þetta sinn. Ég kynntist Atla fljótlega þegar við hjónin fluttumst að á Egilsstöðum 1 og strax í upphafi urðum við mjög góðir vinir. Ég heiti Ólafur Lárusson, ólst upp á höfuðborgarsvæðinu, lauk sveinsprófi í dúklögnum árið 1986 og kláraði meistaranámið frá Iðnskólanum árið 2000. Það var síðan í hestaferð árið 1998 sem ég kynnst konunni minni Christiane Grossklaus frá Þýskalandi. Í dag eigum við tvær afar yndislegar dætur, Önnu Sigurveigu og Klöru Sól.

Við hjónin áttum okkur draum að breyta til og flytja í sveit þar sem væri friður og fallegt útsýni. Árið 2003 urðu mikil kaflaskipti í lífi okkar. Eftir langa leit fundum við fallegan sveitabæ í sveitafélagi með aðeins 200 íbúum, sem hét þá Villingaholtshreppur. Við létum slag standa, seldum raðhúsið og hesthúsið í bænum og vorum flutt inn rétt fyrir jól það sama ár. Við kynntumst Jónasi og Margréti sem áttu Egilsstaði 1 og þau hafa alltaf verið okkur yndisleg. Þau héldu eftir smá skika við hliðina á okkur og erum við afar þakklát að hafa þau hérna áfram enda eru allar bernskuminningar Jónasar héðan. Við kynntumst fljótlega öllum nágroñnum okkar hér í kring. Það voru forrættindi að hafa kynnst Laufeyju frá Egilsstaðakoti, enda er hún mesti kvennskörungurinn hér í sveitinni. Strax frá upphafi var okkur vel tekið og á okkar fyrsta þorrablóti árið 2004 lékum við uppi á sviði og var ég kjörin formaður þorrablótisnefndar það sama ár. Húmorinn er afskaplega skemmtilegur hér í sveitinni og er alltaf stutt í fjörið hér á Egilsstaðatorfunni eins og hún er kölluð.

Við hjónin höfðum ákveðið að hefja hestatengda ferðaðþjónustu hér, því við sáum mikil tækifæri í þeirri grein þar sem við höfðum góð sambönd í Þýskalandi. Árið eftir að við fluttum að Egilsstöðum 1 smíðuðum við eitt sumarhús og innréttuðum tvö herbergi í gamla húsinu. Með 10 hross, 10 kindur, 10 hænur og einn hund hófst ferðaðþjónusta okkar. Ég held að margir hafi haft þá skoðun að við værum snarbrjáluð, þar sem engin ferðaðþjónusta var til staðar í sveitinni á þessum tíma. En segja má að við höfum verið í stöðugri sókn síðan og mikið breyst á seinustu 12 árum þar sem ferðaðþjónustan nú til dags er orðin stærsta atvinnugrein Íslands.

Nú er sveitafélagið orðið miklu stærra og ferðaþjónustan heldur áfram að vaxa og dafna, sem þýðir að við verðum að vanda til verka. Við viljum sjá að allar starfsgreinar geti vaxið og verið saman í sókn hér í sveit. Til þess að það verði að veruleika er mikivægast að allir hlusti og beri virðingu fyrir hver öðrum. Það er einnig brýnt að hægja á umferðinni og virða göngufólk, hjólréiðafólk og hestafólk, því þessir hópar eru í stórhættu í umferðinni eins og hún er núna. Sýnin á lífið er einnig öðruvísi á 30 km hraða en 100 km hraða og allir geta vonandi verið sammála um það „ekki satt!“. Þarna á kannski orðatiltækið við „kapp er best með forsjá“. Framtíðin hér í sveitinni eru börnin okkar og það er gaman að sjá hve barnafjölskyldum er að fjölga. Þess vegna verðum við að gæta þess að hér sé gott að búa, góðar samgöngur, atvinnumöguleikar til staðar og gott skólakerfi. Einnig þarf að koma til móts við alla sem hafa ekki ráð á menntun, tómstundum eða afþreyingu sem er í boði hverju sinni.

Í dag, á Egilsstöðum 1, störfum við hjónin allt árið um kring ásamt starfsfólki og yfir hásumarið erum við með 6 manns í vinnu. Við erum með pakkaferðir, hestaleigu og gistingu. Við erum með 3 sumarhús og um 50 hross og það er uppbókað um hásumarið. Aðalmarkmið okkar er ekki að stækka reksturinn mikið meira heldur auka gæðin sem við veitum hverjum og einum gesti sem kemur til okkar.

Ég ætla að skora á góðan nágranna minn Þorstein Loga Einarsson að skrifa næsta pistil, því það sem sameinar okkur eru fallegu þýsku konurnar okkar. Svo að lokum vil ég segja að það er mjög gott að búa í Flóahreppi og viljum við fjölskyldan hvergi annarsstaðar búa.

Ólafur Lárusson, Egilsstöðum 1

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:

Haustfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn á loftinu í Félagslundi fimmtudaginn 20. október n.k. og hefst fundurinn klukkan 20.30.

Efni fundar: starfið framundann, basarinn, menningarferðin og margt fleira. Mætum nú vel og höfum áhrif á starfið í félaginu okkar,

Góð kveðja, stjórnin.

Flóamót 2016-úrslit

Um 55 krakkar tóku þátt á Flóamótinu sem fram fór 2. september sl. Frábært veður var á mótinu og góð stemmning. Í lokin fengu allir grillaða pylsu og viðurkenningaskjal fyrir þátttökuna. Stjórn Þjótanda vill þakka öllum foreldrum og aðstandendum fyrir góða aðstoð á mótinu, bæði við keppnina og grillið. Margar hendur vinna létt verk. Hér koma svo úrslitin:

60 m hlaup

1.-4. bekkur strákar

1. Helgi Reynisson	11,9 sek
2. Sæþór Leó Helgason	12,0 sek
3. Bjarki Rafn Reynisson	12,3 sek
4. Arnór Leví Sigmarsson	12,9 sek
5. Kári Einarsson	13,0 sek
6. Ingólfur Br. Ingólfsson	13,1 sek
7.-8. Guðni Bóas Davíðsson	13,4 sek
7.-8. Kristófer M. Andrason	13,4 sek
9. Óskar Freyr Sigurðsson	14,4 sek
10. Hjörleifur M Rúnarsson	14,5 sek
11. Garðar Jónsson	15,0 sek
12. Þórarinn Ó Ingvarsson	15,3 sek
13. Jón Óliver Rúnarsson	15,4 sek
14. Björgvin G Sigurðsson	16,4 sek
15. Tumi Þór Svansson	19,4 sek
16. Hrafnkell H Sigmarsson	19,8 sek

1.-4. bekkur stelpur

1. Svandís Sævarsdóttir	12,1 sek
2. Jórunn Friða Bjarnadóttir	12,3 sek
3.-5. Eva Bragadóttir	12,8 sek
3.-5. Karólía Þórbergsdóttir	12,8 sek
3.-5. Hugrún S Guðjónsd	12,8 sek
6. Ásta Dís Ingimarsdóttir	13,0 sek
7. Ásdís Eva Magnúsdóttir	13,1 sek
8. Sigríður S Magnúsdóttir	13,4 sek
9. Magnea Bragadóttir	13,5 sek
10. Ásta Björg Jónsdóttir	15,5 sek

5.-7. bekkur stelpur

1. Katrín Ágústsdóttir	10,4 sek
2. Aldís Tanja Sigmarsdóttir	11,3 sek
3. Erlín Katla Hansdóttir	11,4 sek
4.-5. Þórunn Sturludóttir	11,8 sek

4.-5. Soffía N Andradóttir	11,8 sek
6. Auður S Jóhannesdóttir	12,2 sek
7. Heiða Lára Bjarnadóttir	12,4 sek
8. Ólöf Vala Heimisdóttir	13,0 sek
9. Melkorka Á Hjartardóttir	13,3 sek
10. Laufey Árdóttir	14,7 sek

5.-7. bekkur strákar

1. Daði Kolviður Einarsson	9,7 sek
2. Sigurjón Reynisson	10,0 sek
3. Hjalti Geir Jónsson	10,3 sek
4. Viðar Hrafn Victorsson	10,5 sek
5. Auðunn Davíðsson	10,6 sek
6. Oddur Davíðsson	11,2 sek
7. Benjamín Magnússon	11,4 sek

100 m hlaup

8.-10. bekkur stelpur og strákar

1. Brynjar Jón Brynjarsson	12,7 sek
2. Jónatan Magnússon	13,8 sek
3. Unnsteinn Reynisson	15,1 sek
4. Ingibjörg H Jóhannesd	15,3 sek
5. Elías Örn Jónsson	17,7 sek
6. Smári Þór Svansson	17,7 sek

Langstökk

1.-4. bekkur stelpur

1. Svandís Sævarsdóttir	2,70 m
2. Ásrún Júlía Hansdóttir	2,30 m
3. Karólína Þórbergsdóttir	2,21 m
4. Magnea Bragadóttir	2,20 m
5. Ásta Dís Ingimarsdóttir	2,18 m
6. Hugrún S Guðjónsdóttir	2,14 m
7. Sigríður S Magnúsdóttir	2,01 m
8. Eva Bragadóttir	1,95 m

9. Ásdís Eva Magnúsdóttir 1,93 m
10. Jórunn Friða Bjarnadóttir 1,91 m
11. Ásta Björg Jónsdóttir 1,88 m

1.-4 bekkur strákar

1. Helgi Reynisson 2,85 m
2. Benóný Ágústsson 2,69 m
3. Óskar Freyr Sigurðsson 2,55 m
4. David Örn Sævarsson 2,51 m
5. Hjálmar V Rúnarsson 2,37 m
6. Sæþór Leó Helgason 2,27 m
7. Guðni Bóas Davíðsson 2,20 m
8. Bjarki Rafn Reynisson 2,14 m
9. Ingólfur Br Ingólfsson 2,08 m
10. Kári Einarsson 2,08 m
11. Kristófer M Andrason 2,04 m
12. Arnór Leví Sigmarsson 2,00 m
13. Jón Óliver Rúnarsson 1,78 m
14. Hjörleifur M Rúnarsson 1,75 m
15. Þórarinn Ó Ingvarsson 1,71 m
16. Garðar Þór Jónsson 1,65 m
17. Björgvin G Sigurðsson 1,64 m
18. Albert Hellsten Högnas 1,64 m
19. Hrafnkell H Sigmarsson 1,47 m
20. Tumi Þór Svansson 1,27 m

5.-7. bekkur stelpur

1. Katrín Ágústsdóttir 3,91 m
2. Soffía Náttól Andradóttir 2,93 m
3. Erlín Katla Hansdóttir 2,92 m
4. Heiða Lára Bjarnadóttir 2,56 m
5. Auður S Jóhannesdóttir 2,50 m
6. Laufey Árndóttir 2,15 m
7. Þórunn Sturludóttir 2,14 m
8. Melkorka Á Hjartardóttir 2,14 m
9. Ólöf Vala Heimisdóttir 2,06 m

5.-7. bekkur strákar

1. Sigurjón Reynisson 3,91 m
2. Daði Kolviður Einarsson 3,79 m
3. Auðunn Davíðsson 3,29 m
4. Oddur Davíðsson 3,29 m
5. Hjalti Geir Jónsson 3,19 m
6. Viðar Hrafn Victorsson 3,00 m
7. Benjamín Magnússon 2,60 m

8.-10. bekkur stelpur og strákar

1. Dagur Fannar Einarsson 5,45 m
2. Brynjar Jón Brynjarsson 4,08 m
3. Unnsteinn Reynisson 3,95 m
4. Ingibjörg H Jóhannesd 3,65 m
5. Elías Örn Jónsson 2,91 m
6. Smári Þór Svansson 2,81 m

Kúluvarp

1.-4. bekkur stelpur (2 kg)

1. Svandís Sævarsdóttir 3,96 m
2. Ásdís Eva Magnúsdóttir 3,74 m
3. Ásrún Júlía Hansdóttir 3,59 m
4. Hugrún S Guðjónsdóttir 3,51 m
5. Karólína Þórbergisdóttir 3,08 m
6. Sigríður S Magnúsdóttir 2,94 m
7. Ásta Dís Ingimarsdóttir 2,77 m
8. Eva Bragadóttir 2,70 m
9. Magnea Bragadóttir 2,19 m

1.-4 bekkur strákar (2 kg)

1. Óskar Freyr Sigurðsson 5,30 m
2. Sæþór Leó Helgason 4,83 m
3. Hjálmar V Rúnarsson 4,69 m
4. Helgi Reynisson 3,87 m
5. Arnór Leví Sigmarsson 3,84 m
6. Bjarki Rafn Reynisson 3,57 m
7. Björgvin G Sigurðsson 3,50 m
8. Kári Einarsson 3,34 m
9. Hjörleifur M Rúnarsson 3,33 m
10. David Örn Sævarsson 2,88 m
11. Hrafnkell H Sigmarsson 2,80 m
12. Albert Hellsten Högnas 2,75 m
13. Guðni Bóas Davíðsson 2,73 m
14. Garðar Þór Jónsson 2,61 m
15. Þórarinn Ó Ingvarsson 2,57 m
16. Kristófer M Andrason 2,55 m
17. Jón Óliver Rúnarsson 2,18 m

5.-7. bekkur strákar (2 kg)

1. Benjamín Magnússon 7,02 m
2. Sigurjón Reynisson 6,43 m
3. Daði Kolviður Einarsson 6,40 m
4. Hjalti Geir Jónsson 5,63 m

5. Viðar Hrafn Victorsson 5,55 m
6. Oddur Davíðsson 5,10 m
7. Auðunn Davíðsson 5,10 m

5.-7. bekkur stelpur (2 kg)

1. Katrín Ágústsdóttir 7,95m
2. Erlín Katla Hansdóttir 5,23 m
3. Þórunn Sturludóttir 4,67 m
4. Aldís Tanja Sigmarsdóttir 4,47 m
5. Melkorka Á Hjartardóttir 4,24 m
6. Laufey Árnadóttir 4,03 m
7. Ólöf Vala Heimisdóttir 3,60 m

8.-10. bekkur stelpur og strákar (3 kg)

1. Dagur Fannar Einarsson 11,29 m
2. Brynjar Jón Brynjarsson 10,87 m
3. Unnsteinn Reynisson 7,30 m
4. Ingibjörg H. Jóhannesd. 4,88 m

400 m hlaup

1.-4 bekkur strákar

1. Arnór Leví Sigmarsson 1:42,2 mín
2. Helgi Reynisson 1:44,0 mín
3. Sæþór Leó Helgason 2:04 5 mín
4. Kristófer Máni Andrason 2:09,4 mín
5. Guðni Bóas Davíðsson 2:09,8 mín
6. Jón Óliver Rúnarsson 2:11,1 mín
7. Bjarki Rafn Reynisson 2:11,7 mín
8. Óskar Sigurðsson 2:21,5 mín
9. Björgvin Sigurðsson 2:49,3 mín
10. Albert Hellsten Högnas 2:55,0 mín
11. Þórarinn Ó. Ingvarsson 3:00,0 mín

1.-4. bekkur stelpur

1. Karólína Þórbergisdóttir 1:44,0 mín
2. Ásta Dís Ingimarsdóttir 1:51,4 mín
3. Hugrún Svala Guðjónsd 2:01,1 mín
4. Magnea Bragadóttir 2:06,3 mín
5. Eva Bragadóttir 2:10,6 mín
6. Sigríður S Magnúsdóttir 2:31,4 mín
7. Ásdís Eva Magnúsdóttir 2:42,7 mín

5.-7. bekkur strákar

1. Daði Kolviður Einarsson 1:19,6 mín
2. Sigurjón Reynisson 1:25,4 mín
3. Viðar Hrafn Victorsson 1:31,4 mín
4. Auðunn Davíðsson 1:33,0 mín
5. Oddur Davíðsson 1:33,6 mín
6. Hjalti Geir Jónsson 1:40,6 mín

5.-7. bekkur stelpur

1. Katrín Ágústsdóttir 1:35,5 mín
2. Soffía Náttól Andradóttir 1:36,8 mín
3. Heiða Lára Bjarnadóttir 1:50,2 mín
4. Auður S. Jóhannesdóttir 1:50,9 mín

8.-10. bekkur stelpur og strákar

1. Dagur Fannar Einarsson 1:11,4 mín
2. Ingibjörg HJóhannesd 1:19,4 mín
3. Unnsteinn Reynisson 1:33,5 mín
4. Elías Örn Jónsson 1:41,3 mín
5. Smári Þór Svansson 2:17,8 mín

Skólavistun í Flóaskóla óskar eftir gefins leikföngum til að nota í skólavistinni. Þeir sem eru aflögufærir vinsamlegast hafið samband við Önnu Gretu skólastjóra

Frá Flóaskóla:

Fyrirmyndarnemendur

Það vita það sennilega allir sem í Flóahrepp búa að það eru ákveðin forréttindi fólgin í því að ala börn upp í tiltölulega fámennum skóla, staðsettum í sveit, en þó rétt við þéttbýli sem býður upp á alla þá þjónustu sem nútíma borgarinn þarf. Þetta umhverfi spilar eflaust einhvern þátt í því að við Flóaskóla eru nemendur sem eru til fyrirmyndar, en undirrituð gerir sér grein fyrir því að það eru foreldrar og aðstæður barnanna heima fyrir sem eru þeir þættir sem vega hvað mest í þessu samhengi. Einn þáttur er þó ónefndur sem spilar stórt hlutverk í þessu samhengi, en það eru nemendurnir sjálfir og áhrif þeirra á hvert annað. Það sem hefur vakið athygli undirritaðar við upphaf þessa skólaárs er hvað nemendur er jákvæðir, tillitsamir, vinnusamir og öruggir.

Samskipti nemenda eru mjög góð og geta þau svo sannarlega verið fyrirmynd fyrir fullorðið fólk. Eldri nemendur skólans eru hvetjandi fyrirmyndir fyrir þau yngri. Þau sinna meðal annars gæslu í frímínútum þar sem þau hlúa að og leika við þau sem yngri eru. Þau taka virkan þátt skólastarfinu og má þar t.d. nefna frammistöðu þeirra á danssýningu skólans þar sem þau skemmtu sér konunglega og með því sýndu þau yngri nemendum gríðarlega gott fordæmi. Þau sýndu þeim gleðina í því að skemmta sér, taka þátt og vera þau sjálf og fyrir það erum við afskaplega þakkát.

Það er svo hlutverk okkar fullorðnu að búa þeim umhverfi og aðstæður til að halda áfram að þroska sig í átt að betri manneskjum sem síðan skapa framtíðarsamfélag okkar.

*Anna Greta Ólafsdóttir
skólastjóri Flóaskóla*

Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg miðvikudaginn 12. október kl. 20:30.

Vonumst við til þess að sjá ykkur sem flestar kátar og hressar eftir sólríkt sumar. Nýir félagar ávallt velkomnir.

Kaffikonur: Jónína Einarsdóttir, Helga Baldursdóttir, Helga Sigurðardóttir og Sigríður Harðardóttir.

Kv. Stjórnin

Leiklistarnámskeið

Ákveðið hefur verið að halda leiklistarnámskeið helgina 5.-6. nóvember og er það ætlað 13 ára og eldri. Leiðbeinandi á námskeiðinu verður Sigríður Hafsteinsdóttir frá Leikfélagi Selfoss. Nánari upplýsingar koma síðar á facebook síðu félagsins.

Skemmtinefnd Umf. Þjótanda

Dagskrá mánaðarins

Æfing 8.-10. bekkur	4. október
Æfing 5.-7. bekkur	5. október
Berjafærð Kvenfélags Hraungeriðshr.	7.-9. október
Hautball í Félagslundi	8. október
Glímuæfing	10. október
Æfing 8.-10. bekkur	11. október
Æfing 5.-7. bekkur	12. október
Hautfundur Kvenfélags Hraungeriðshr.	12. október
Messa í Villingaholtskirkju	16. október
Glímuæfing	17. október
Æfing 8.-10. bekkur	18. október
Æfing 5.-7. bekkur	19. október
Íbúafundur um Þorrablót í Þingborg	19. október
Hautfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhr.	20. október
Kótelettukvöld í Þingborg	22. október
Hautfundur Kvenfélags Villingaholtshr.	23. október
Glímuæfing	24. október
Æfing 8.-10. bekkur	25. október
Æfing 5.-7. bekkur	26. október
Basar kvenfélaganna	5. nóvember
Leiklistarnámskeið	5.-6. nóvember



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR